

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Þórdís Sif Sigurðardóttir
Dags. 14. september 2018
Mnr. 2018050083



ÍSAFJARÐARBÆR

Athugasemd við túlkun Byggðastofnunar á reglugerð

Eftir fund fulltrúa Ísafjarðarbæjar með Byggðastofnun í sumar og tölvupóstsamskipti í framhaldinu var ákveðið að leita til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins með túlkun á 7. gr. reglugerðar nr. 643/2016, um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda samkvæmt 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða er fiskiskipum. En það kom á daginn að túlkun Byggðastofnunar og Ísafjarðarbæjar er ekki sú sama á framangreindri grein. Í greininni segir að fiskiskip skuli landa þeim afla sem telja á til aflamarks Byggðastofnunar til vinnslu innan hlutaðeigandi vinnusóknarsvæðis. Túlkun Ísafjarðarbæjar er að aflanum skuli landað innan vinnusóknarsvæðis, en vinnusóknarsvæðið nær til sveitarfélaganna á norðanverðum Vestfjörðum. Túlkun Ísafjarðarbæjar er því að afla sem úthlutað er skv. aflamarki til byggðakjarna innan Ísafjarðarbæjar skuli vera landað á norðanverðum Vestfjörðum. Byggðastofnun túlkar ákveðið ekki með sama hætti.

Þann 18. júlí sl. var sendur tölvupóstur til atvinnu- og nýsköpunarráðuneytisins og óskað eftir álitum ráðuneytisins um túlkun ákvæðisins. 4. september sl. fékk Ísafjarðarbær svar frá Annas Jóni Sigmundssyni, sérfræðingi við ráðuneytið sem greindi frá því að ráðuneytið geti ekki gefið álit þar sem ráðuneytið yrði að úrskurða í kærumálum ef þau kynnu að koma á hvorn vegi í framhaldi af álitum ráðuneytisins.